

# LANDPÓSTURINN

3. tbl. 5. árg. nóvember 1993 • Fréttabréf Félags landfræðinga  
Pósthólf 5391 • 125 Reykjavík • ábm.: Emil Bóasson

## NÝ STJÓRN FÉLAGS LANDFRÆÐINGA

Stjórn Félags landfræðinga sem kosin var á aðalfundi félagsins hinn 31. mars 1993 hefur skipt með sér verkum:

Guðrún Halla Gunnarsdóttir formaður, Þorbjörg Kr. Kjartansdóttir varaformaður, Guðrún Ólafsdóttir ritari, Anna Dóra Sæþórsdóttir gjaldkeri og Emil Bóasson meðstjórnandi og umsjónamaður Landpóstsins.

Ef félagsmenn vilja koma skilaboðum, hugmyndum eða greiðslu til félagsins er heimilisfangið:

Félag landfræðinga • Pósthólf 5391 • 125 Reykjavík

## AÐALFUNDUR 1993

### Fundargerð aðalfundar Félags landfræðinga

Aðalfundur Félags landfræðinga var haldinn miðvikudaginn 31. mars 1993 kl. 20.00 í stofu 201 í Odda, húsi Háskóla Íslands. Mættir voru 14 félagar.

Guðrún Gísladóttir formaður félagsins setti fundinn og bauð félagsmennum og gesti velkomna. Hún stakk uppá Emil Bóassyni sem fundarstjóra og Bryndísi G. Róbertsdóttur sem fundarritara og var það samþykkt.

## Skýrsla formanns

### Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 1992/93

Ágætu félagar!

Sjöunda starfsári félagsins er nú að ljúka. Á síðasta aðalfundi var Guðrún Gísladóttir kosin formaður og Þorbjörg Kr. Kjartansdóttir og Emil Bóasson í stjórn. Inga Ingibjörg Guðmundsdóttir og Guðrún Halla Gunnarsdóttir áttu eftir að sitja síðara ár kjörtímabils síns. Stjórnin skipti með sér verkum á eftirfarandi hátt: Þorbjörg varaformaður, Inga Ingibjörg ritari, Guðrún Halla gjaldkeri og Emil meðstjórnandi. Endurskoðendur voru kosnir Eingar Bogi Sigurðsson og Árni Þór Vésteinsson.

Stjórnarfundir voru 19 á starfsárinu auk vinnufunda við frágang Landpóstsins og ráðstefnuna. Auk þess hélt stjórnin einn fund með starfsstjórn Landfræðifélagsins. Landpósturinn kom út 5 sinnum og hefur Emil Bóasson séð um frágang hans.

Síðasti aðalfundur Félags landfræðinga var haldinn í Norræna húsinu 26. mars 1992. Þar hélt Guðrún Gísladóttir fyrirlestur um náttúrufar og mannvist í Reykjanesfólkvangi. Í erindi sínu lagði Guðrún mat á náttúrufar út frá foresndum landsnytja eins og þær voru til sjávar og sveita áður en vélvæðing kom til sögunnar. Þá gerði hún grein fyrir þeim svæðum sem best hentuðu til búsetu og áhrifum búsetu og landnýtingar á umhverfið. Fundinn sóttu 25 manns og voru líflegar umræður að loknu erindinu.

Almennir félagsfundir hafa verið fastir liðir í starfi félagsins til þessa. Síðasti aðalfundur var þó eini fundurinn á starfsárinu með þeim fornerkjum. Ástæðan var áherslubreyting sem gerð var á starfi félagsins. Í stað þess að halda almenna félagsfundi dreifða yfir árið var ákveðið að beina kröftunum að ráðstefnuhaldi og árhátíð að ráðstefnu lokinni. Um þetta hafði verið rætt á stjórnarfundum um langt skeið og var hugmyndin reyndar reifuð á síðasta aðalfundi. Stjórnin ákvað að efni ráðstefnunnar yrði um byggðamál á Íslandi. Undirbúningur ráðstefnunnar og árhátíðar var í höndum stjórnarinnar auk þess sem Oddný Þóra Óladóttir aðstoðaði við undirbúning. Haft var samband við landfræðinga og aðra sem hafa látið sig byggðamál skipta og þeir beðnir um að halda erindi. Var því vel tekið og komu fyrirlesarar víða að.

Ráðstefnan var haldin hinn 5. febrúar síðastliðinn í Norræna húsinu undir heitinu *Breytingar á dreifingu byggðar á Íslandi - Ýmsar forsendur*. Viðfangsefnið var umfangsmikið og voru flutt 13 erindi auk ávarps forsætisráðherra. Erindin tóku á stjórnsýslumálum, hagrænum og félagslegum þáttum sem snerta byggðir landsins og stefnu í byggðamálum. Dagskráin var stíf og tókst að halda henni innan áætlaðra tímamarka enda rösklega stjórnað af fundarstjórum þeim Guðrúnu Gísladóttur og Þorbjörgu Kr. Kjartansdóttur. Umræður voru að loknum fyrirlesturum fyrir matarhlé og svo aftur að loknum erindum eftir hádegi. Umræður voru mjög miklar og líflegar. Ráðstefnuna sóttu á annað hundrað manns. Ráðstefnan hafði verið auglýst í fjölmiðlum enda létu þeir sig ekki vanta á staðinn og var útvarpað frá ráðstefnunni á báðum rásum ríkisútvarpsins auk þess sem viðtal birtist við fyrirlesara í útvarpi og fréttum Stöðvar 2. Þessi fyrsta ráðstefna félagsins þótti heppnast vel og vakti drjúga athygli á landfræðingum og viðfangsefnum þeirra og verður vonandi að föstum lið í starfi félagsins.

Að kvöldi 5. febrúar var árhátíðin haldin. Hún fór fram í Fóstbræðraheimilinu og voru veitingar og þjónusta í höndum starfsfólks

Naustsins. Hrafnhildur Loftsdóttir var veislustjóri og söngstjóri og stýrði hátíðinni með prýði. Árhátíðina sóttu 46 manns og ef ekki hefði gengið skæður flensufaraldur um allt land auk mikillar ófærðar hefðu gestir orðið mun fleiri. Árhátíðin tókst vel og var einkar ánægjulegt að ljúka vel heppnuðum degi á þennan hátt.

Á síðasta aðalfundi greindi Tryggvi Jakobsson frá aðalfundi Landfræðifélagsins, þar sem ákveðið hefði verið að leggja félagið niður. Starfsnefnd hafði verið skipuð í því markmiði að vinna að sameiningu Landfræðifélagsins og Félags landfræðinga. Á aðalfundi Félags landfræðinga var stjórn félagsins veitt fullt umboð til þess að ganga frá þeim samningamálum en þó án allra fjárhagslegra skuldbindinga. Gengið var endanlega frá þessum málum á framhaldsaðalfundi Landfræðifélagsins hinn 10. mars síðastliðinn. Þar var samþykkt eftirfarandi tillaga starfsstjórnar Landfræðifélagsins:

„Framhaldsaðalfundur Landfræðifélagsins samþykkir eftirfarandi tillögu starfsstjórnar félagsins: „Landfræðifélagið verði sameinað Félagi landfræðinga með þeim hætti að eignir þess renni til Félags landfræðinga og að þeim félagsmönnum sem uppfylla kröfur um aðild að Félagi landfræðinga samkvæmt 3. grein laga þess félags verði gefinn kostur á aðild að því. Þeim sem ekki uppfylla kröfur um aðild að félaginu verði gefinn kostur á að komast á útsendingarlista Félags landfræðinga og fái þannig sent allt það sem félagið gefur út gegn greiðslu áskriftargjalds af tímariti og fréttabréfi. Annað formlegt starf Landfræðifélagsins verði eftir efnum og ástæðum falið Félagi landfræðinga.““

Stjórn Félags landfræðinga samþykkti tillöguna á stjórnarfundum sem haldinn var að kvöldi sama dags. Eins og segir í tillögunni runnu eignir Landfræðifélagsins til Félags landfræðinga. Um er að ræða fjármagn á bankabók auk ýmissa gagna s.s. birgðir Landabréfsins og fréttabréfs Landfræðifélagsins. Landfræðifélagið hefur verið aðili að Evrópusamstarfi landfræðikennara og verður það verkefni stjórnar Félags landfræðinga að halda því samstarfi við lýði. Stjórn Félags landfræðinga sendi öllum félögum Landfræðifélagsins Landpóstinn síðasta þar sem greint var frá örlögum Landfræðifélagsins.

Nefnd um landfræðikennslu sem starfar á vegum Alþjóða landfræðisambandsins hefur sent frá sér alþjóðlega stefnuskrá um landfræðikennslu sem nefnist *International Charter on Geographical Education*. Það væri kanski ástæða til þess að þýða þetta hefti og dreifa

meðal landfræðikennara. Það má jafnframt hafa hann til hliðsjónar ef komið verður á fót vinnuhópi um landfræðikennslu innan félagsins. Stjórnin hefur nokkrum sinnum rætt það hvort ekki væri ástæða til að vera með hópstarf þ.á.m. einn hóp um landfræðikennslu. Það ætti að vera grundvöllur fyrir slíku starfi þegar félagið vex eins og sýnt þykir.

110 manns eru skráðir í félagið og á starfsárinu hefur 61 félagsmaður staðið skil á félagsgjöldum. Stjórnin hefur undanfarið sent nýútskrifuðum landfræðingum bréf og boðið þeim aðild að félaginu. Á þessu ári var einnig öllum útskrifuðum landfræðingum, sem ekki eru félagsmenn, sent bréf og boðið að ganga í félagið. Þetta hefur skilað rúmlega 20 nýjum félagsmönnum.

Landabréfið, tímarit Landfræðifélagsins og Félags landfræðinga kom ekki út á árinu og er það miður. Það stendur til bóta og er nú gert ráð fyrir að það komi út í byrjun sumars. Efni blaðsins liggur fyrir en erindi sem flutt voru á ráðstefnunni 5. febrúar, verða uppistaðan í því. Stjórn félagsins hefur fengið margar fyrirspurnir eftir ráðstefnuna um útgáfu erindanna og ljóst að margir sækjast eftir þeim.

Ritstjórn Náttúrufræðingatala vinnur nú hörðum höndum að því að ganga frá og vinna úr svörum við spurningalistum frá náttúrufræðingum sem eru fremstir í stafrófinu. Þorbjörg Kr. Kjartansdóttir fulltrúi okkar í ritnefndinni gengur frá upplýsingum um landfræðinga. Enn vantar upplýsingar frá nokkrum og ræðst framgangur verksins af skilvísni landfræðinga sem annarra náttúrufræðinga. Stefnt er að útgáfu 1994.

Landfræðingar eru dreifðir um allt land og vinna við margvísleg störf. Það er vilji stjórnar að auka tengslin við félagsmenn úti á landsbyggðinni. Það mætti t.d. gera með nánara samstarfi í gegnum tengiliði.

Á síðasta aðalfundi var sagt frá því að félagið gæti hugsanlega staðið fyrir ferð til Kína. Emil Bóasson hefur góð sambönd við landfræðinga í Háskólanum í Nanjing og skipulagði í samvinnu við þá ferð fyrir land- og jarðfræðinema sumarið 1991. Sú ferð var afskaplega vel heppnuð. Skipulagning svona ferðar tekur tíma og jafnframt er hún kostnaðarsöm. Það væri því áhugavert að heyra frá fundarmönnum um áhuga þeirra á ferð til Kína.

Eins og fram kemur í lögum félagsins er formaður kosinn til eins árs í senn. Ég hef verið formaður félagsins í fjögur ár og gef ekki kost á mér aftur. Mér hefur þótt afskaplega ánægjulegt að starfa í félaginu enda hefur afbragðs fólk verið í stjórninni. Mig langar að nota þetta tækifæri og þakka félögum mínum í stjórninni fyrir sérlega gott og skemmtilegt samstarf.

Guðrún Gísladóttir 30. mars 1993

## Reikningar félagsins

Guðrún Halla Gunnarsdóttir gjaldkeri félagsins skýrði meðfylgjandi reikninga félagsins fyrir síðastliðið ár.

### Ársreikningur Félags landfræðinga

#### Rekstrarreikningur 20. mars 1992 til 30. mars 1993

Tekjur	1992/93	1991/92
Félagsgjöld 1992	122.000	95.000
Félagsgjöld eldri	3.000	17.800
Vextir af ávísanareikningi	101	427
Vextir af Gullbók	2.641	1.196
Ráðstefna aðgangseyrir	52.300	
Árshátíð, aðgangseyrir	117.500	150.500
Yfirtekin eign Landfræðifélagsins	54.851	
<b>Samtals</b>	<b>352.393</b>	<b>264.923</b>
<b>Gjöld</b>		
Burðargjöld	24.865	9.448
Gíróseðlar, pósthólf, hefti	11.460	3.735
Fundakostnaður	19.260	32.210
Ráðstefna, kostnaður	36.698	
Árshátíð, kostnaður	144.970	148.350
Landabréfið		21.000
<b>Samtals</b>	<b>237.253</b>	<b>214.743</b>
Hagnaður af rekstri	60.289	50.180
Yfirtekin eign Landfræðifélagsins	54.851	
<b>Samtals</b>	<b>352.393</b>	<b>264.923</b>

#### Efnahagsreikningur 30. mars 1993

Eignir	1992/93	1991/92
Sparileið 1	54.851	
Gullbók	60.266	57.625
Ávísanareikningur	85.070	31.023
Útistandandi ráðstefnugjöld	3.600	
<b>Samtals</b>	<b>203.788</b>	<b>88.648</b>
<b>Skuldir</b>		
Höfuðstóll 1992	88.648	38.468
Tekjur umfram gjöld	115.140	50.180
<b>Samtals</b>	<b>203.788</b>	<b>88.648</b>

Reykjavík 30. mars 1993

F.h. stjórnar Félags Landfræðinga

Guðrún Halla Gunnarsdóttir, gjaldkeri

Endurskoðendur hafa yfirfarið reikninga og borið saman við fylgiskjöl

Einar Bogi Siguðrsson      Árni Þór Vésteisson

Emil Bóasson opnaði síðan umræðuna um skýrslu formanns og reikninga félagsins með því að telja 130% aukningu á eignum félagsins mjög góða viðbót.

Spurt var að því hvort félagið hefði staðið að athugun á því hvar landfræðingar starfa. Guðrún Gísladóttir svaraði því að á sínum tíma hefðu verið send út eyðublöð, en heimtur verið lélegar, en nú sé verið að athuga þetta í sambandi við útgáfu á náttúrufræðingatali.

Guðrún Ólafsdóttir spurði hvað landfræðingar væru margir. Guðrún Gísladóttir sagði að þeir væru milli 160 og 170, en þar af væru 110 í félaginu.

Bryndís G. Róbertsdóttir þakkaði stjórn vel unnin störf á starfsárinu. Hún lýsti ánægju sinni með stefnu stjórnar að halda veglega ráðstefnu um ákveðin málefni innan landfræðinnar og halda árs hátíð félagsins í tengslum við hana. Taldi ráðstefnuformið henta betur en stakir fundir, því í mörgum félögum væri fundarsókn frekar dræm. Minntist einnig á þær hugmyndir, sem nokkuð hafa verið ræddar meðal landfræðinga að undanförmu, að koma á vinnuhópum í einstökum undirgreinum. Einnig spurði hún hversvegna félagsgjöld innheimtust ekki betur, því rétt rúmur helmingur hefði greitt gjöldin.

Guðrún Halla Gunnarsdóttir gjaldkeri svaraði því til, að innheimtur á félagsgjöldum væru mun betri í ár en í fyrra.

### **Stjórnarkjör**

Guðrún Gísladóttir formaður gaf ekki kost á sér til áframhaldandi formennsku. Guðrún Halla Gunnarsdóttir og Inga Ingibjörg Guðmundsdóttir eru á síðara ári í stjórn og eiga samkvæmt lögum að ganga úr stjórn. Guðrún Gísladóttir stakk upp á Guðrúnu Höllu Gunnarsdóttur sem formanni. Fleiri tillögur komu ekki fram og var hún því kjörin með lófataki. Inga Ingibjörg hefur áhuga á að taka sér hlé frá stjórnarsetu um tíma. Guðrún Gísladóttir stakk upp á Guðrúnu Ólafsdóttur og Önnu Dóru Sæþórsdóttur í stjórn. Fleiri tilnefningar komu ekki fram og voru þær samþykktar með lófataki. Stjórn skiptir síðar með sér verkum.

### **Kjör endurskoðenda**

Einar Bogi Siguðrsson gaf ekki kost á sér sem endurskoðanda, þar sem hann hefur nú tekið við útibústjórnastöðu hjá Landsbanka Íslands á Reyðarfirði. Endurskoðendur voru kosnir Tryggvi Jakobsson og Ármi Þór Vésteinsson.

### **Ákvörðun félagsgjalda**

Stjórn lagði fram tillögu um að árgjaldið yrði óbreytt (2.000 kr.) og var sú tillaga samþykkt samhljóða.

### **Lagabreytingar**

Emil Bóasson benti á að samkvæmt lögum félagsins þurfi lagabreytingar að hafa borist stjórn fyrir 1. febrúar ár hvert og skulu þær kynntar í aðalfundarboði.

Stjórn félagsins hefur lagt fram tvær breytingar á lögum félagsins vegna ákvörðunar um að leggja Landfræðifélagið niður. Tillögur eru um breytingar á 2. grein a og 8. grein.

Lagt er til að síðari hluti 2. greinar a falli niður. A hluti greinarinnar hljóðar svo: „Að starfa sameiginlega að eflingu fræðigreinarinnar landafræði, meðal annars með stuðningi við Landfræðifélagið.“ Lagt er til að sá hluti greinarinna sem er aftan við komu falli niður og greinin hljóði þá svo: „Að starfa sameiginlega að eflingu fræðigreinarinnar landafræði.“ Einnig er lagt til að 8. grein laganna verði felld niður, en hún hljóðar svo: „Laggist félagið niður, renna eignir þess til Landfræðifélagsins með þeim skilyrðum sem þá verða sett.“

Báðar tillögur stjórnar um lagabreytingar voru samþykktar án umræðu.

### **Önnur mál**

Emil Bóasson ræddi um að hver stjórn réði því hvort hún héldi fundi eða ráðstefnur.

Karl Benediktsson sagðist hafa reynt að koma á stað vinnuhóp um kennslu í landafræði, en fékk lítil viðbrögð. En hann ætlar að reyna betur.

Bryndís G. Róbertsdóttir hvatti til að reynt yrði að koma saman vinnuhóp um kennslu í landafræði. Það væri oft eina leiðin að hringja í fólk til að koma slíkri hópavinnu af stað. Hún benti einnig á verkefni fyrir hópinn í sambandi við Náttúrufræðingatalið. Í öðru bindi er fyrirhugað að fjalla um kennslu í náttúrufræðigreinum og námsbækur. Upplagt væri fyrir hópinn að skoða þessi mál fyrir landafræðina, ásamt framtíðarstefnu í kennslumálum greinarinnar.

Guðrún Ólafsdóttir taldi mjög brýnt að koma upp kennsluhóp. Hún taldi að breytingarnar í heiminum gætu örvað landfræðikennslu, þar sem landafræðin væri hálf gerð hornreka í skólastarfinu núna.

Anna Dóra Sæþórsdóttir nefndi að þeir landfræðingar sem væru við nám í uppeldis- og kennslufræði yrðu mjög varir við, að erfitt væri að halda uppi kennslu í faginu, því lítið væri til af kennslubókum í landafræði.

Emil Bóasson ræddi um fyrirhugaða landfræðiferð til Kína. Hann hefur kannað hvort tekið yrði á móti okkur í Kína og verður það gert. Það þarf að athuga hvað hópurinn hefur áhuga á að skoða. Einnig þarf tíma til undirbúnings og tíma til að spara peninga. Spurt var um hvað slík ferð kostaði og á hvaða árstíma yrði farið. Emil taldi að ekki yrði farið með minna en 15-20 manna hóp og myndi kosta 170-200 þús kr. á mann miðað við verðlag í dag og væri þá reiknað með lægsta fargjaldi milli landanna en það væri 81 þús. kr.

Að lokinni dagskrá aðalfundar gaf Emil nýkjörnum formanni félagsins, Guðrúnu Höllu Gunnarsdóttur orðið. Hún þakkaði stuðninginn við kosningu sína og fyrirverandi formanni fyrir vel unnin störf. Hún þakkaði Ingu Ingibjörgu einnig vel unnin störf, þó hún væri því miður fjarverandi.

Að loknum aðalfundi flutti Anna Dóra Sæþórsdóttir mjög fróðlegt erindi um dreifingu erlendra hópferðamanna um Ísland.

*Bryndís G. Róbertsdóttir fundarritari.*

## Svæðaping IGU 1994

Félaginu hefur borist tilkynning um svæðaping *IGU 1994* (International Geographic Union) sem haldið verður í Tékklandi 22. - 26. ágúst 1994. Heiti ráðstefnunnar er:

**Umhverfi og lífsskilyrði í Mið-Evrópu, vandamál tengd breytingunum.**

Meginefnisflokkar verða:

- A. Fæðing nýrrar Mið-Evrópu
- B. Umhverfi og landslag
- C. GIS-kortakerfi og fjarkönnun
- D. Eðlisræn landafræði
- E. Hagræn- og mannvistarlandafræði
- F. Umhverfisfræðsla og landafræðikennsla

Ráðstefnan verður haldin í Prag, á ensku og frönsku og er áætlað ráðstefnugjald um US \$ 300. Við það bætist kosnaður vegna fæðis og húsnæðis, kynnisferða og móttökuathafna. Félaginu munu væntanlega berast nánari upplýsingar um næstu áramót.

Peir sem áhuga hafa geta skrifað til:

IGU RC, Albertov 6, 128 43 PRAHA 2

Czech Republic

Sími: +42-2-203608 eða 296025

Bréfsími: +42-2-296025 eða 205878

E-mail: KUCERA @PRFDEC.NATUR.CUNI.CZ



## ERLENDIR HÓPFERÐAMENN Á ÍSLANDI


Eriindi flutt á aðalfundi Félags landfræðinga 31. mars 1993

byggt á M.S. ritgerð Önnu Dóru Sæþórsdóttur

Mikill vöxtur hefur orðið á komu erlendra ferðamanna seinasta áratug. Árið 1981 komu hingað til lands um 72.200 erlendir farþegar og árið 1992 var tala þeirra komin í um 142.560. Jafnframt hefur hlutur ferðaþjónustu í gjaldeyriskekjum þjóðarinnar aukist en hann er nú um tíu af hundræði af útfluttum vörum og þjónustu. Ýmis vandamál eru samhliða uppbyggingu ferðaþjónustu. Eitt stærsta vandamál íslenskrar ferðaþjónustu er hversu stutt ferðamannatímabilið er. Rúmlega helmingur ferðamannanna kemur yfir sumarmánuðina þrjá, júní, júlí og ágúst. Við slíkar aðstæður fæst léleg nýting fjárfestingar og er það ein af ástæðum þess að Íslandsferðir eru dýrar. Enn meira máli skiptir hins vegar það mikla álag sem ferðamannastaðir verða fyrir, þegar mörg hundruð fætur traðka þar á gróðri eða sérstökum hraunmyndunum á degi hverjum yfir háannatímann.

Annað vandamál ferðaþjónustu á Íslandi er hversu illa tekst að dreifa ferðamönnum um landið. Samkvæmt rannsókn sem gerð var í tengslum við fyrrnefnt M.S. verkefni, á dreifingu erlendra hópferðamanna kom í ljós að álag á ýmsa ferðamannastaði er langt umfram burðarþol þeirra. Eins og sjá má á myndinni eru Gullfoss og Geysir þeir staðir sem flestir hópferðamenn skoða, en þangað komu um 14.800 gestir í júlímánuði 1991. Næstur á eftir kom sögustaðurinn Þingvellir með 14.000 ferðamenn og Mývatnssveit með rúmlega 13.800. Hálendi landsins er framandi í augum flestra sem hingað koma og vilja því margir komast í snertingu við öræfin. Landmannalaugar, Eldgjá, Askja og Herðubreiðarlindir eru þá vinsælir áningarstaðir. Á sama tíma eyddu ekki margir tíma sínum á Austurlandi. Flestir ferðamenn sem þangað komu, keyrðu í gegnum Firðina og stoppuðu á fáum stöðum. Þeir voru enn færri sem litu Vestfirðina.

Samanborið við ýmsa ferðamannastaði í heiminum koma fáir ferðamenn til Íslands. Viðkvæm náttúra landsins setur því skorður hvað hægt er að taka á móti mörgum ferðamönnum. Norðlæg lega landsins hefur áhrif á gróðurfar. Sár sem myndast í gróðurþekjuna vegna ágangs ferðamanna eru



Ferðadagar erlendra hópferðamanna í júlí 1991

Anna Dóra Sæþórsdóttir

lengi að gróa á ný. Við þetta bætist veik jarðvegssuppygging sökum eldvirkni landsins. Það er því sérstaklega eldgosabeltið sem er viðkvæmt en það er þangað sem komur ferðamanna eru hvað tíðastar. Þar eru eldfjöll, hverasvæði og önnur sérstæð náttúrufyrirbæri sem ferðamönnun leikur forvitni á að sjá með eigin augum.

Ef aðeins er tæpt á ástandi nokkurra ferðamannastaða, þá eru víðast hvar fá og lítil umhverfisvandamál á Austur- og Vesturlandi og á Vestfjörðum. Þar sem vandamál hafa skapast hefur víða verið ráðin bót á eins og t.d. við Hraunfossa og Grábrók. Í öðrum landshlutum er ástand ýmissa ferðamannastaða í hinum mesta ólestri. Ferðamálaráð og Náttúruverndarráð hafa af veikum mætti reynt að bæta úr, en með því fjármagni sem þessar stofnanir hafa er ekki hægt að gera margt. Stjórnvöld hafa ekki viljað veita nema takmörkuðu fjármagni til umhverfisverkefna á ferðamannastöðum. Það sem unnið hefur verið er aðallega á vegum sjálfbóðaliða.

Á nokkrum stöðum hefur verið ráðin bót á ástandi mála, svo sem við Gullfoss, mest sótt ferðamannastað landsins. Vorið 1991 var ráðist í að

leggja tröppur, laga stíga og byggja snyrtihús.

Í Þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum er að hluta reynt að stýra umferðinni um svæðið. Áður fyrr máttu hópferðamenn gista í Vesturdal en nú mega þeir aðeins gista í Ásbyrgi á ytra tjaldsvæðinu. Þar er aðstaða betri, þó snyrtihúsið þar anni ekki lengur þeim fjölda sem þangað kemur á mesta annatímanum.

Víða annars staðar er ástandið mjög slæmt. Fyrst kemur upp í hugann ástandið austan megin við Dettifoss en það svæði tilheyrir ekki þjóðgarðinum. Þar er kamar sem er yfirfullur og enginn sér um að tæma. Ferðamenn leita því á bak við næsta stein og má sjá klósettappír undir hverjum steini á svæðinu í kring.

Á hálendinu er einnig víða slæmt ástand. Það vantar nánast alls staðar göngustíga. Á Hveravöllum hefur t.d. hverahrúður verið fótum troðið. Við Lakagíga og Veiðivötn þar sem enn koma fáir ferðamenn hafa myndast slóðir og sár í gróðurinn. Engar framkvæmdir höfðu átt sér stað við hið einstæða náttúrufyrirbæri Eldgjá fyrir en haustið 1991 en þá lögðu Sjálfbóðaliðasamtökin fram vinnu sína við lagningu nýrra stíga upp að steinboganum yfir Ófærufoss. Náttúra landsins er hins vegar örum breytingum háð og nú þegar steinboginn er hruninn munu eflaust fáir leggja leið sína þangað.

Af framansögðu sést að burðarþoli landsins hefur víða verið náð. Rannsóknir fræðimanna á þróun ferðamannastaða hafa sýnt fram á að allir ferðamannastaðir þróast og breytast. Auknum fjölda ferðamanna fylgir aukið álag á umhverfi, en þegar það spillist minnkar aðdráttarafli svæðisins og ferðamenn missa áhuga á að koma þangað. Þetta telja fræðimenn vera örlög allra ferðamannastaða. Það er þó hægt að stjórna því hversu langan tíma þessi þróun tekur. Til þess að tryggja að hún verði sem hægst er mikilvægt að til staðar sé langtímastefna í ferðamálum. Mikið hefur skort á slíka stefnumótun á Íslandi. Stjórnvöld hafa ekki getað skilið það að fjárfesta þarf í aðstöðu fyrir ferðamenn áður en hægt er njóta gjaldeyristekna af þeim alveg eins og fjárfesta þarf í hafnarmannvirkjum áður en fisknum er landað.

# Kínaferð landfræðinga

Frá því var greint í síðasta tölublaði að fyrirhugað væri að efna til náms- og kynnisferðar landfræðinga til Kína á árinu 1994 eða 1995. Ekki hafa orðið mikil viðbrögð við hugmyndinni en nauðsynlegt er að heyra frá þeim er kynnu að hafa áhuga því verð á slíkri hópferð markast nokkuð af þeim fjölda sem fer.

Einnig þarfnast þeir sem að undirbúningi standa hugmynda um það hve lengi eigi að dveljast eystra en undirritaður mælir með 2-3 vikum.

Ljóst er að nokkur kostnaður fylgir ferð austur til Asíu. SAS býður fargjald frá Íslandi nú í vetur fyrir um 90.000 kr. á mann og upphald og ferðir innan Kína kosta einnig nokkuð, ræðst af því hvert farið verður, hve lengi dvalist og hvernig dvalist td. á dýrum hótelum eða ódýrum gistiheimilum eða eitthvað þar á milli. En fyrir þá sem skipuleggja fjármuni má ætla að kostnaður fyrir 3 vikna ferð verð með öllu um 200.000 krónur.

Komið hefur fram hugmynd um að fara um Bandaríkin á leiðinni til Asíu og er það m.a. vegna þess að mun meiri farangur má hafa á ferðum til og frá Bandaríkjunum en um Evrópu en fargjöld eru svipuð ef vel er leitað. Í flugi um Evrópu má hver farþegi hafa 20 kg af farangri en um Bandaríkin er miðað við 2 töskur þannig að hvor taska má ekki verai þyngri en 32 kg.

Mér væri mikill akkur í því ef þeir sem sýna þessari ferð áhuga hefðu samband svo hægt verði að fara að leggja alvöru hönd á undirbúninginn.

Þið getið hringt í síma: 91-605420 eða 91-678335 eða skrifað.

Bestu kveðjur  
Emil Bóasson